



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 1. október 2020

2009694SA GB/bg
Málalykill: 00.64

Efni: Drög að reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla – mál nr. 176/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 4. september þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreind drög að reglugerð. Um er að ræða uppfærslu á núverandi reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla þar sem bætt hefur verið inn ákvæðum um framkvæmd vigtunar á hafnarvog og ákvæðum varðandi kröfur um aðstöðu og búnað hjá löndunarhöfnum, þ.á.m. um lágmarksbúnað varðandi vogir og ákvæði um eftirlitsmyndavélar.

Sambandið gerir alvarlega athugasemd við að kostnaðarmat hafi ekki verið gert og fylgt með drögum að reglugerð í samráðsgátt. Samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga skal fara fram sérstakt mat á áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla á fjárhag sveitarfélaga og ber viðkomandi ráðherra ábyrgð á að slíkt mat fari fram. Verði þessi reglugerð samþykkt óbreytt mun hún fela í sér töluverðan kostnað á hafnir sveitarfélaga. Kostnaður felst í auknum stöðugildum ásamt kaupum á búnaði og viðhaldi á honum.

Einnig gagnrýnir sambandið að ekki hafi verið haft samráð við sambandið og Hafnasamband Íslands við gerð reglugerðarinnar. Um er að ræða íþyngjandi ákvæði fyrir hafnir sem mikilvægt er að séu unnin í samráði við þá aðila er framfylgja þurfi ákvæðunum. Einnig verður að nefna að Fiskistofa og Hafnasambands Íslands gerðu samstarfsyfirlýsingu 5. september 2018 þar sem fjallað var um nokkur atriði er fyrirhugað er að breyta í umræddri reglugerð. Eðlilegra er að vinna áfram á grunni þeirrar yfirlýsingar í stað þess að fara í íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmæli.

Sambandið hefur óskað eftir fundi með ráðuneytinu og að samráð eigi sér stað við sambandið og Hafnasamband Íslands. Fundarefni væri bæði um kostnaðarmat sem og útfærslu á ákvæðum reglugerðarinnar svo tryggt sé að reglugerðin endurspegli betur starfsumhverfi hafna. Ráðuneytið hefur nú þegar orðið við þeirri beiðni og þakkar sambandið fyrir og hvetur til þess að fundað sé við fyrsta tækifæri.

Sambandið tekur að öðru leyti undir umsögn Hafnasambands Íslands.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs